

Ed.

237. Nefndarálit

[112. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið saman við niðurstöðutölur ríkisreikningsins, en ekkert fundið athugavert.

Meiri hl. n. telur það vera til mikilla bóta að leggja ríkisreikning fyrir Alþingi svo skömmu eflir lok viðkomandi fjárhagsárs, enda þótt afleiðingin sé sú, að mjög verulega skorti á, að hinni umboðslegu endurskoðun sé lokið, svo sem yfirskoðunarmenn vekja athygli á í athugasemdum sínum. Eru þess raunar dæmi oft áður, að hinni umboðslegu endurskoðun hafi ekki verið lokið, þegar ríkisreikningur er lagður fyrir Alþingi, þótt miklu lengra hafi verið liðið frá lokum fjárhagsársins.

Meiri hl. n. telur rétt, að framvegis verði fylgt þeirri reglu, sem nú er upp tekin, að ríkisreikningurinn sé lagður fyrir næsta Alþingi eftir lok fjárhagsársins, og telur jafnframt nauðsynlegt að stefna að því, að hinni umboðslegu endurskoðun geti þá einnig verið að mestu lokið, þótt það hafi ekki verið auðið nú nema fjölga mjög starfsliði, þar eð tveir ríkisreikningar eru í meðförum samtímis.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en þó með þeim fyrirvara, að tölur kunni að breytast eitthvað að lokinni hinni umboðslegu endurskoðun.

Alþingi, 16. des. 1960.

Ólafur Björnsson,
form.

Magnús Jónsson,
frsm.

Jón Þorsteinsson,
fundaskr.